Reykjavík

Frístundaheimilið Kátakot

Starfsáætlun 2026-2027





Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 6
Helstu dagsetningar 7
- Ágúst 7
- September 7
- Október 7
- Nóvember 7
- Desember 8
- Janúar 8
- Febrúar 8
- Mars 8
- Apríl 9
- Maí 9
- Júní 9
- Júlí 9

Inngangur

Kátakot er frístundaheimili á Kjalarnesi sem þjónustar börn á aldrinum 6–9 ára. Starfið byggir á Menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030, starfsskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs (SFS) og stefnu Reykjavíkurborgar um frístundaþjónustu.

Markmið starfsins er að bjóða börnum upp á fjölbreytt og skapandi frístundastarf í öruggu og uppbyggilegu umhverfi þar sem áhersla er lögð á vellíðan, félagsfærni, sjálfstæði og virka þátttöku barna. Lögð er áhersla á gott samstarf við foreldra, Klébergsskóla, leikskólann Berg, ungmennafélagið á Kjalarnesi UMFK, sem bjóða upp á íþrótta- og tómstundastarf fyrir börn. Með samstarfinu er stuðlað að fjölbreyttum tækifærum fyrir börnin til þátttöku, hreyfingar og félagslegra tengsla.

Starfsáætlun Kátakots fyrir skólaárið 2026–2027 tekur mið af þörfum barnanna, samstarfi við foreldra og samstarfsaðila og reglulegu mati á starfinu. Áhersla verður lögð á að þróa starfið áfram, efla þátttöku barna og skapa jákvætt og hvetjandi frístundaumhverfi.

Grænfánavinna er stór þáttur í öllu okkar starfi á Kátakoti, enda er rík hefð fyrir flokkun og við leggjum áherslu á að allir hugsi vel um umhverfið. Reglulega er farið út að tína rusl í samstarfi við Klébergsskóla og leikskólann Berg. Við flokkum úrgang og endurnýtum efni í sköpun og föndur.

Öll starfsemin á Klébergi hefur hlotið regnbogavottun Reykjavíkurborgar. https://reykjavik.is/regnbogavottun-reykjavikur

Innra mat 2025-2026

Árið 2025–2026 var ekki gert innra mat í Kátakoti. Við skoðum því niðurstöður foreldrakönnunar Reykjavíkurborgar frá mars 2026 til að sjá hvað gengur vel og hvað má bæta.

Foreldrakönnunin veitir upplýsingar um líðan barna, viðfangsefni í frístundastarfi, samskipti við starfsfólk, upplýsingagjöf og ánægju foreldra með starfsemi Kátakots.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að mikilvægt er að leggja áfram áherslu á fjölbreytt og áhugavert frístundastarf, virka þátttöku barna, góð samskipti og skýra upplýsingagjöf til foreldra. Í opnum svörum komu einnig fram ábendingar um mikilvægi þess að fylgja auglýstri dagskrá, efla sameiginleg verkefni og tryggja að starfsfólk sé til staðar fyrir börnin.

Niðurstöðurnar verða nýttar við skipulagningu starfsins og mótun umbóta fyrir skólaárið 2026–2027.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar:	**Upplýsingagjöf, samstarf og fagleg samskipti**
Umbótaþáttur/matsþáttur	Upplýsingagjöf til foreldra og fagleg samskipti starfsfólks.
Tækifæri til umbóta.	Bæta upplýsingagjöf til foreldra um dagskrá og starfsemi Kátakots.
Aðgerðir til umbóta.	Senda foreldrum reglulega fréttabréf um starfsemi Kátakots og verkefni. Mikilvægar upplýsingar verða einnig settar við inngang Kátakots. Starfsfólk verður hvatt til að sækja íslenskunámskeið og nota íslensku í daglegum samskiptum. Á starfsmannafundum verður lögð áhersla á skýr og fagleg samskipti.
Ábyrgð	Forstöðumaður og starfsfólk Kátakots.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – júní 2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Farið verður yfir upplýsingagjöf og samskipti á starfsmannafundum. Einnig verða niðurstöður foreldrakönnunar í febrúar og í lok skólaárs skoðaðar.
Viðmið um árangur.	Fréttabréf Kátakots er uppfært í hverri viku með nýjum myndum. Foreldrar fá tölvupóst með tengli á fréttabréfið. Starfsfólk er hvatt til að efla íslenskukunnáttu sína og samskipti starfsfólks við börn og foreldra verða skýrari og markvissari.

Heiti aðgerðar:	**Innra mat á starfi Kátakots**
Umbótaþáttur/matsþáttur	Innra mat og þróun starfsins.
Tækifæri til umbóta.	Koma á reglulegu innra mati á starfi Kátakots og nýta niðurstöður þess til að þróa starfið áfram.
Aðgerðir til umbóta.	Starfsfólk fer reglulega yfir starfsemi Kátakots á starfsmannafundum. Rætt verður um hvað gengur vel og hvað þarf að bæta. Niðurstöður foreldrakannana, hugmyndir barnanna og reynsla starfsfólks verða nýttar til að ákveða umbætur.
Ábyrgð	Forstöðumaður og starfsfólk Kátakots.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – júní 2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Matið fer fram reglulega á starfsmannafundum yfir skólaárið. Farið verður yfir niðurstöður og umbætur í lok skólaárs.
Viðmið um árangur.	Innra mat fer fram reglulega og niðurstöður þess eru nýttar til að ákveða og framkvæma umbætur á starfinu.

Heiti aðgerðar:	**Fjölbreytt og skipulagt frístundastarf**
Umbótaþáttur/matsþáttur	Fjölbreytni í verkefnum og skipulag frístundastarfsins.
Tækifæri til umbóta.	Auka fjölbreytni í verkefnum og sameiginlegum leikjum og fylgja skipulagðri dagskrá.
Aðgerðir til umbóta.	Skipuleggja fjölbreytt skapandi verkefni, hópleiki, hreyfingu og útiveru með hliðsjón af áhuga og þörfum barnanna. Fylgja dagskrá og bjóða einnig upp á róleg verkefni sem börnin geta valið eftir áhuga.
Ábyrgð	Forstöðumaður og starfsfólk Kátakots.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – júní 2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Farið verður yfir dagskrá og framkvæmd verkefna á starfsmannafundum yfir skólaárið.
Viðmið um árangur.	Börnin fá fjölbreytt tækifæri til leiks, sköpunar, hreyfingar og útiveru og geta valið verkefni eftir áhuga sínum.

Heiti aðgerðar:	**Þátttaka barna, líðan og félagsfærni**
Umbótaþáttur/matsþáttur	Þátttaka barna og áhrif þeirra á starfið.
Tækifæri til umbóta.	Auka þátttöku barna í skipulagningu frístundastarfsins og efla félagsfærni þeirra.
Aðgerðir til umbóta.	Halda barnafundi þar sem börnin koma með hugmyndir og velja verkefni og leiki. Einnig verður hugmyndakassi á sýnilegum stað þar sem börnin geta sett hugmyndir sínar. Lögð verður áhersla á sameiginlega leiki, samvinnu og að öllum börnum líði vel í Kátakoti.
Ábyrgð	Forstöðumaður og starfsfólk Kátakots.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – júní 2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Farið verður yfir starfið á starfsmannafundum og þátttaka barnanna og líðan þeirra rædd reglulega yfir skólaárið.
Viðmið um árangur.	Börnin fá reglulega tækifæri til að hafa áhrif á starfsemi Kátakots, taka þátt í sameiginlegum leikjum og efla félagsfærni sína.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Starf Kátakots tekur mið af Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, „Látum draumana rætast“, og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025–2027.

Á starfsárinu 2026–2027 verður lögð áhersla á vellíðan barna, virkni þeirra og jöfn tækifæri til þátttöku í fjölbreyttu frístundastarfi. Starfið tekur mið af þörfum, áhuga og styrkleikum barnanna. Þau fá tækifæri til að koma með hugmyndir, hafa áhrif á skipulag starfsins og velja verkefni sem henta áhuga þeirra og hæfileikum.

Lögð verður áhersla á skapandi starf, leik, samvinnu, félagsfærni, hreyfingu og útiveru. Með fjölbreyttum verkefnum og leikjum verður stuðlað að námi, þroska og jákvæðum samskiptum barna. Leitast verður við að skapa umhverfi þar sem öll börn finna til öryggis, tilheyra hópnum og fá tækifæri til að njóta sín.

Jafnframt verður unnið að því að efla fagmennsku starfsfólks, bæta upplýsingagjöf og styrkja samstarf við foreldra. Á starfsmannafundum verður starfið rætt reglulega og hugmyndir barnanna, reynsla starfsfólks og niðurstöður foreldrakannana nýttar til að meta og þróa starfið áfram.

Markmiðið er að Kátakot sé skapandi og öruggt lærdóms- og frístundaumhverfi þar sem velferð barna, fjölbreyttir hæfileikar þeirra og virk þátttaka eru í fyrirrúmi.

Helstu dagsetningar

Ágúst

3. ágúst – Frídagur verslunarmanna
4. ágúst – Aðlögun elstu barna í leikskólum í frístundaheimili.
20. ágúst – Síðasti dagur sumarfrístundar.
21. ágúst – Starfsdagur.

- Búa til miða fyrir segultöflu
- Fara yfir rýmin og skipuleggja
- Uppfæra myndir af starfsfólki
- Uppfæra foreldrahandbók Kátakots og vista símanúmer nýrra foreldra í síma
- Safna upplýsingum um börn með ofnæmi, senda foreldrum tölvupóst og kynna fyrir starfsfólki hvar EpiPen er geymdur.
- Skrá alla daga lengda viðveru í Völu og opna fyrir skráningu foreldra

24. ágúst – Skólasetning Klébergsskóla.
25. ágúst – Fyrsti dagur í vetrarfrístund.

September

1.september – Mánaðardagskrá og matseðill fyrir september
8. september – Dagur læsis
14. september – Útikennsluvika
25. september – Afmælishátíð barna sem fædd eru í júlí, ágúst og september
29. september – Viðtalsdagur. Lengd viðvera í Kátakoti
30. september – Starfsdagur í Klébergskóla. Lengd viðvera í Kátakoti

Október

2. október – Mánaðardagskrá og matseðill fyrir október
11. október – Fæðingardagur forseta Íslands
16. október – Barnafundur – hugmyndir og val barnanna fyrir nóvember.
21. október – Bleikur dagur í samstarfi við Klébergsskóla.
22.–26. október – Vetrarfrí
24. október – Fyrsti vetrardagur
30. október – Búningadagur, bakstur og skreytingar með hrekkjavökuþema.

Nóvember

2. nóvember – Mánaðardagskrá og matseðill fyrir nóvember
6.nóvember – Mæta í skólann og Kátakot í einhverju grænu. Samstarfi við Klébergsskóla.
8. nóvember – Baráttudagur gegn einelti
16. nóvember – Dagur íslenskrar tungu
20. nóvember – Dagur mannréttinda barna. Opið hús í Klébergsskóla og Kátakoti
23. nóvember – Starfsdagur.

Vetrarverkefni og sköpun í Kátakoti. Börnin taka þátt í skapandi verkefnum og föndri með vetrarþema.

Desember

1. desember – barnaráðsfundur, mánaðardagskrá og matseðill fyrir desember
4., 11. og 18. desember – Jólaföndur og jólaskemmtun í Kátakoti.
11. desember – Jólamatur samstarf með Kléberskóla.
18. desember – Afmælishátíð fyrir börn fædd í desember, pöntum pizzur og höfum það notalegt.
21. desember – Lengd viðvera í Kátakoti
22. desember – Lengd viðvera í Kátakoti
23. desember – Lengd viðvera í Kátakoti – Þorláksmessa.
28. desember – Lengd viðvera í Kátakoti
29. desember – Lengd viðvera í Kátakoti
30. desember – Lengd viðvera í Kátakoti

Janúar

1. janúar – Nýársdagur
4. janúar – Mánaðardagskrá og matseðill fyrir janúar
6. janúar – Þrettándinn
8. janúar – Mánaðardagskrá og matseðill fyrir janúar.
Barnafundur – hugmyndir og val barnanna fyrir febrúar
22. janúar – Bóndadagur og upphaf Þorra. Börnin mæta í lopapeysum og kynnast hefðbundnum íslenskum mat og menningu.
Vetrarleikir og útivera í Kátakoti – Áhersla á hreyfingu, útiveru og leiki utandyra eftir veðri.
Mat á starfinu í Kátakoti. Farið yfir starfsemi Kátakots og undirbúin foreldrakönnun fyrir febrúar.

Febrúar

1. febrúar – Mánaðardagskrá og matseðill fyrir febrúar
4. febrúar – Viðtalsdagur. Lengd viðvera í Kátakoti
5. febrúar – Starfsdagur Klébergskóla. Lengd viðvera í Kátakoti
8. febrúar – Bolludagur
9. febrúar – Sprengidagur
10. febrúar – Öskudagur. Skertur skóladagur. Kátakot frá 11:55
11. febrúar – Dagur íslenska táknmálsins
22.–23. febrúar – Vetrarfrí
24. febrúar – Árshátíð. Lengd viðvera í Kátakoti

Foreldrakönnun um líðan barna, starfsemi Kátakots og samstarf við foreldra.

Mars

1. mars – Barnaráðsfundur, mánaðardagskrá og matseðill fyrir mars
18. mars – Árshátíð. Tvöfaldur dagur
21. mars – Downsdagurinn, sitthvor sokkur
22.–24. mars – Páskahátíð og páskaleyfi. Lengd viðvera í Kátakoti – Dymbilvika

Apríl

1. apríl – Mánaðardagskrá og matseðill fyrir apríl
19.–23. apríl – Barnamenningarhátíð
22. apríl – Sumardagurinn fyrsti
23. apríl – Umhverfisdagur
27. apríl – Starfsdagur. Lokað í Kátakoti.

Maí

3. maí – Mánaðardagskrá og matseðill fyrir maí
18. maí – Starfsdagur í Klébergsskóla. Lengd viðvera í Kátakoti.
Maí – Náttúra og útivist. Áhersla á útiveru, hreyfingu og náttúruskoðun í nærumhverfi Kjalarness.

Júní

1. júní – Mánaðardagskrá og matseðill fyrir júní
3. júní – Ferðadagur
4. júní – Esjuganga
7.–8. júní – Þemadagar
9. júní – Íþróttadagur
10. júní – Skólaslit
11. júní – Fyrsti dagur sumarfrístundar.
17. júní – Lýðveldisdagurinn
26. júní – Tónleikar
Sumarleikir og útivera. Börnin taka þátt í útileikjum og hreyfingu og njóta samveru í Kátakoti.

Júlí

Sumarstarf
Sumarlokun í 4 vikur
Sumarfrístund. Samstarf barna og starfsfólks

Skipulagðar verða ferðir í sund og Húsdýragarðinn, gönguferðir á Esjuna og í nærumhverfi Kjalarness. Einnig verður farið í göngutúra um Kjalarnes og í fjöruna. Áhersla verður á útiveru, hreyfingu og að kynnast náttúrunni.

Alla föstudaga – Starfsmannafundir í Kátakoti. Farið yfir skipulag starfsins, fyrirhugaðar athafnir, líðan barnanna og samstarf starfsfólks.kl 10:30 –11:30.

Í Kátakoti höldum við upp á afmæli barnanna á föstudögum, yfirleitt í sömu viku og þau eiga afmæli. Á sumrin og í kringum jólafrí höldum við sameiginlegar afmælishátíðir fyrir þau börn sem eiga afmæli á þeim tíma. Börnin fá að velja á milli skúffuköku, íss eða vöfflu með skrauti. Afmælisbarnið fær afmæliskort, við syngjum afmælissönginn saman og barnið blæs á kertið.





Starfsþróunarsamtöl

Samtöl voru tekin tvisvar á starfsárinu, í október 2025 og svo í febrúar 2026. Skólastjóri og aðstoðarforstöðumaður frístundaheimilisins tóku viðtölin í frístundaheimilinu og studdist við form á starfsþróunarsamtölum frá Reykjavíkurborg.